

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/17

frá 9. júlí 2001

um breytingu á ákvörðun 98/634/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1610)

(2001/540/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 3., 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfispætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 98/634/EB ⁽²⁾ setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir vegna veitingar umhverfismerkis bandalagsins fyrir rúmdýnur en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar falla þær úr gildi 1. október 2001.

5) Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar skulu gilda óbreyttar áfram um 18 mánaða skeið.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB komi eftirfarandi:

„Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda frá 2. október 1998 til 1. apríl 2003.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 50, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 302, 12.11.1998, bls. 31.